



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Sölvhólsgötu 4  
150 Reykjavík

Reykjavík 1. október 2018

1808029SA GB  
Málalykill: 14.20

### Efni: Umsögn um áform um lagafrumvarp um samskiptaráðgjafa íþróttu og æskulýðsfélaga

Ráðuneytið hefur birt í samráðsgátt Stjórnarráðsins áform um að lagt verði fram á Alþingi frumvarp um ofangreint efni. Í kynningu í samráðsgáttinni kemur fram að lagt er til að stofnað verði tímabundið til starfs samskiptaráðgjafa íþróttu- og æskulýðsstarfs með heildarlöggjöf. Einnig er lagt til ákvæði um að óheimilt verði að ráða einstaklinga til starfa hjá íþróttafélögum eða þiggja framlag þeirra sem sjálfboðaliða hafi þeir hlotið refsídóm fyrir kynferðisbrot.


Markmið fyrirhugaðrar lagasetningar er að íþróttu- og æskulýðsstarf sé öruggt umhverfi þar sem börn, unglingsar og fullorðnir, óháð kyni eða stöðu að öðru leyti, geta stundað íþróttir eða tómstundir í öruggu umhverfi og leitað sér aðstoðar eða réttar síns vegna kynferðislegrar áreitni og ofbeldi sem þar koma upp án ótta við afleiðingarnar og er því lagt til að heildarlög verði sett um efnið.

Á þessu stigi er sett fram sú almenna ábending að æskilegt er að samskiptaráðgjafinn verði til ráðgjafar um umræðuferla sem samtök/félög þurfa að ganga í gegnum, bæði með þjálfurum og iðkendum til að skapa sameiginlegan skilning á því hvers konar hegðun sé óásættanleg og til að komast að sameiginlegri niðurstöðu um inntak siðareglina. Slíkir ferlar eru forsendur þess að breyta megi samskiptamenningu til hins betra. Til hliðsjónar má benda á rit sambandsins um „Siðferði og samfélagslega ábyrgð“<sup>1</sup> sem leiðbeinir um slíka ferla innan sveitarfélaga. Einnig er tilefni til að áréttu að félög og samtök eru mjög misvel í stakk búin til að standa undir þessari vinnu og það mun útheimta bæði fjárhagslegan og annars konar stuðning og eftirfylgni að tryggja að félög standi undir auknum skyldum að þessu leyti.

Að áliti Sambands íslenskra sveitarfélaga er jákvætt að lagt verði fram á Alþingi lagafrumvarp um þetta málefni en sambandið væntir þess að fá tækifæri til að veita frekari umsögn þegar drög að lagafrumvarpi liggja fyrir.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  
Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

<sup>1</sup> <http://www.samband.is/media/sidareglur/Sidferdi-og-samfelagsleg-abyrgd.pdf>